

Gert í Kaupmannahöfn í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 15. september 1955. Udfærdiget i København i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk således, at der på svensk er udfærdiget to tekster, en for Finland og en for Sverige, den 15. september 1955. 53 9. april

Undirskriftir.

L Ö G

54

9. april

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustundir á sólarhring hverjum til hvíldar og matar. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.